

Læsisstefna Langholtsskóla

Hugtakið læsi hefur margræða merkingu, en það felur meðal annars í sér lestur, hlustun, umræður og ritun. Við þetta má bæta að „læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu.“ (*Aðalnámskrá grunnskóla*, almennur hluti, 2011:18). Helstu markmið skólans eru að nemendur öðlist þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og miðlað þekkingu sinni til viðmælenda og lesenda.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla 2011 er gerð grein fyrir sex grunnpáttum í íslenskri menntun og læsi er einn þeirra. Þar er tekið fram að meginmarkmið læsis sé að „nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (*Aðalnámskrá grunnskóla*, almennur hluti, 2011:17).

Námsleiðum hefur fjölgað og nemendur hafa aðgang að ýmiss konar tækni til að nota í samskiptum og námi en lestrarkunnátta er eins og áður undirstaða almennrar menntunar og hún er einn mikilvægasti þáttur grunnskólanámsins. Áhugi barna og ungmenna á lestri hefur forspárgildi um námsárangur þeirra og því er mikilvægt að þau tileinki sér lestur á fyrstu árum grunnskólans. Færnin er þó ekki ein og sér nóg heldur þarf að viðhalda og efla áhuga nemenda á lestri á öllum skólástigum.

Í lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar kemur einnig fram að lestur sé lykill að öllu námi og því þurfi lestrarkennsla og lestarþjálfun á öllum stigum grunnskólans að vera fjölbreytt og markviss. Þar segir enn fremur að það þurfi að þjálfna nemendur áfram þegar komið er á miðstigi og kenna og þjálfna mismunandi lestrarlag og tækni s.s. ítarlestur, nákvæmnislestur, leitarlestur eða skimunarlestur eftir því sem við á. Á unglingastigi þurfa nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi og skilningi. Þeir þurfa að geta beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta. (*Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar*, 2012:7).

Í Langholtsskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanleika og að námsumhverfið sé örvasandi og hvetjandi til lestrar. Lestur er kenndur samkvæmt hljóðaaðferð. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákni hljóð orðanna í talmálinu. Á yngsta stigi skólans er unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis. Einnig hefur PALS lestraraðferðin verið notuð en það er kennsluaðferð sem þjálfar lesfimi og lesskilningsaðferðir og er ætluð til notkunar í blönduðum bekkjardeildum. Á mið- og unglingastigi er unnið eftir fjölbreyttum leiðum, t.d. aðferðum *Læsi til náms* og kennsluhugmyndum John Morris.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun og þættirnir felldir inn í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Unnið er út frá gæðatexta og mismunandi barnabækur notaðar sem efniviður fyrir íslenskukennsluna.

Lestrarsprettir eru reglulega í öllum árgöngum. Markmið þeirra er að efla leshraða, lestrarfærni og orðskilning. Heimilin eru ávalt upplýst um lestrarsprettina enda eru framfarir áberandi mestar þegar heimilin taka virkan þátt. Auk þess verða ýmsar uppákomur sem ætlað er að hafa hvetjandi áhrif á lestur.

Árlega leggur skólinn fyrir skimanir í lestri í öllum árgöngum. Markmið þeirra er að greina hvort náminu sé ábótavant og hvort þurfi að breyta áherslum í kennslunni. Langholtsskóli vinnur eftir nýjum lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunnar en þar er árangur mældur í lesnum orðum á mínútu, í stað atkvæða á mínútu áður.

Umsjónarkennarar og sérkennarar byggja kennsluáætlanir á niðurstöðum skimana og stöðumats í lestri. Ef nemendur falla undir gild viðmið í skimunarprófi og ljóst er að þeir þurfa sérstök úrræði er það á ábyrgð umsjónarkennara að veita íhlutun við hæfi í samvinnu við sérkennara skólans.

Hlutverk foreldra


Þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur óumdeilanlega jákvæð áhrif á gengi barna í námi almennt, en þó alveg sérstaklega þegar kemur að læsi (Rósa Eggertsdóttir, 2008). Til að góður árangur náist verður lestrarkennslan að vera samvinnuverkefni milli heimilis og skóla. Í skólanum læra nemendur tækni við lesturinn en heima fer þjálfunin fram. Þar gefst einnig tækifæri fyrir foreldra að glæða og viðhalda áhuga barna sinna á lestri.


Ætlast er til að allir nemendur lesi heima að minnsta kosti í 15-20 mínútur daglega. Mikilvægt er að foreldrar leggi sig fram um að gera lestur að notalegri og ánægjulegri samverustund barns og foreldris. Einnig skiptir miklu máli að foreldrar hvetji börnin til að lesa í fríum því ef þau gera það ekki fer þeim aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um börn með lestrarerfiðleika þar sem það getur tekið þau langan tíma að ná fyrri færni aftur. Skólinn hvetur til sumarlesturs með því að veita þeim nemendum sem lesa að lágmarki 3 bækur að sumri sérstaka viðurkenningu í skólanum að hausti.


Ábendingar til foreldra:


- hrósið fyrir lestur þegar tilefni gefst til
- hlustið á barnið lesa daglega og ræðið einstök orð og atburði í textanum
- látið nemendur lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum þar til þeir lesa lipurt (í samráði við umsjónarkennara)
- lesið fyrir barnið eins oft og kostur er
- veljið lesefni við hæfi, alls ekki of þungt í byrjun
- lesið til skiptis við barnið þegar það á við
- farið reglulega saman á bókasafnið í hverfinu
- hlustið saman á sögur, t.d. á hljóðbókum eða á netinu
- lesið eða syngið saman ljóð og vísur
- ræðið reglulega við barnið um atburði líðandi stundar





Stefnumörkun


 Hefur ekki náð settu markmiði


 Þarfnast frekari þjálfunar


 Hefur náð settu markmiði


 Framúrskarandi





5.bekkur	Markmið	Kennsluáhersla	Matstæki	Íhlutun	Viðmið um árangur
Lestur og læsi	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesi sér til gagns og ánægju fjölbreyttan texta • auki leshraða og liðleika • lesi upphátt með áherslum og taki mið af greinarmerkjum við upplestur • efli orðaforða til að skilja innihald texta • geti flutt margvíslegan texta • þjálfist í flutningi texta á leikrænan hátt • geti leiðrétt sig í lestri • afli sér upplýsinga bæði úr bókum og á rafrænu formi • beiti hugtökum til að fjalla um tungumál og bókmenntir • geti greint aðalatriði í texta og gert þeim skil á fjölbreyttan hátt 	<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir Pals aðferðinni • heimalestur 5 sinnum í viku • 2-4 samlestrarbækur (kjörbækur) á ári • nestisbók • upplestur • lestrarsprettir • lestur mismunandi texta • gagnvirkur lestur • umræður • hugarkort • flutningur á eigin texta • yndislestur 	<p>Framsagnarpróf í lok hvorrar annar</p> <p>Hraðapróf - í sept., jan. og maí.</p> <p>Nóv. stafsetningarpróf (GRP 10).</p> <p>Orðarún - lesskilningspróf í nóv. og maí.</p>	<p>Umsjónarkennari hefur samband við foreldra.</p> <p>Stuðningur fyrir nemendur með færri en 80 orð á mín.</p> <p>Sérkennsla í litlum hópum.</p> <p>Sérkennarar og umsjónarkennarar sjá um lestrarátak fyrir nemendur sem á þurfa að halda.</p>	<p>Orðafjöldi á lesfimiþrófi:</p> <ul style="list-style-type: none">  161-175 orð á mín  140-160 orð á mín  80-139 orð á mín  Færri en 80 orð á mín <p>samkvæmt lesfimiþrófi Menntamálastofnunar</p>


 Hefur ekki náð settu markmiði


 Þarfnast frekari þjálfunar


 Hefur náð settu markmiði


 Framúrskarandi





6.bekkur	Markmið	Kennsluáhersla	Matstæki	Íhlutun	Viðmið um árangur
Lestur og læsi	Að nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• lesi sér til gagns og ánægju• auki leshraða og liðleika• lesi upphátt með áherslum og taki mið af greinarmerkjum við upplestur• geti flutt margvíslegan texta• þjálfist í flutningi texta á leikrænan hátt• geti leiðrétt sig í lestri• lesi aldursvarandi bókmenntir og annan texta að eigin vali• lesi aldursvarandi bókmenntir í formi bekkjarsetta• lesi þjóðsögur, ævintýri, smásögur og annan fjölbreyttan texta• afli sér upplýsinga bæði úr bókum og á rafrænu formi• beiti hugtökum í bragfræði s.s. erindi, kvæði, vísu, þulu, ljóðstafi og ljóðlínu• efli orðaforða• nýti góðan orðaforða við að skilja texta• fylgi skriflegum fyrirmælum• þekki myndmál og helstu hugtök í bókmenntum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap	<ul style="list-style-type: none">• unnið eftir aðferðum Orð af orði• heimalestur 4-5 sinnum í viku• lestur í 20 mín. á dag í frjálislestrarbókum• 2-4 samlestrarbækur (kjörbækur).• nestisbók• upplestur• lestrarsprettir• lestur mismunandi texta• gagnvirkur lestur• umræður• hugarkort• flutningur á eigin texta• yndislestur	Framsagnarpróf. Hraðapróf - í sept., jan., og maí. Orðarún -Lesskilningspróf í nóv. og maí.	Stuðningur fyrir nemendur með færri en 105 orð á mín. Sérkennsla í litlum hópum. Sérkennarar og umsjónarkennarar sjá um lestrarátak fyrir nemendur sem á þurfa að halda.	Orðafjöldi á lesfimiþrófi: <ul style="list-style-type: none"> 176-190 orð á mín. 155-175 orð á mín. 105-154 orð á mín. Færri en 105 orð á mín. samkvæmt lesfimiþrófi Menntamálastofnunar

 Hefur ekki náð settu markmiði

 Þarfnast frekari þjálfunar

 Hefur náð settu markmiði

 Framúrskarandi

7.bekkur	Markmið	Kennsluáhersla	Matstæki	Íhlutun	Viðmið um árangur
Lestur og læsi	Að nemandinn: <ul style="list-style-type: none">• lesi sér til gagns og ánægju fjölbreyttan texta• auki leshraða og liðleika• lesi upphátt með áherslum og taki mið af greinarmerkjum við upplestur• geti flutt margvíslegan texta og þjálfist í flutningi texta á leikrænan hátt• geti leiðrétt sig í lestri• afli sér upplýsinga bæði úr bókum og á rafrænu formi• beiti hugtökum til að fjalla um tungumál og bókmenntir• efli orðaforða til að skilja innihald texta• nýti góðan orðaforða við að skilja texta• fylgi skriflegum fyrirmælum• geti greint aðalatriði í texta og gert þeim skil á fjölbreyttan hátt	<ul style="list-style-type: none">• unnið eftir aðferðum Orð af orði• heimalestur 4-5 sinnum í viku• lestur í 20 mín. á dag í frjálslestrarbókum.• 2-4 Samlestrarbækur (kjörbækur)• nestisbók• upplestur• lestrarsprettir• lestur mismunandi texta• gagnvirkur lestur• umræður• endursögn• hugarkort• flutningur á eigin texta• yndislestur	Samræmd próf Framsagnarpróf. Hraðapróf - í sept., jan. og maí. Orðarún - Lesskilningspróf í nóv. og maí. Lesskilningsverkefni vegna kjörbóka. Æfingar fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Stóra upplestrarkeppnin.	Stuðningur fyrir nemendur með færri en 120 orð á mín. Sérkennsla í litlum hópum. Sérkennarar og umsjónarkennarar sjá um lestrarátak fyrir nemendur sem á þurfa að halda.	Orðafjöldi á lesfimiþrófi:  191-210 orð á mín.  165-190 orð á mín.  121-164 orð á mín.  Færri en 120 orð á mín. samkvæmt lesfimiþrófi Menntamálastofnunar